



# Jarðhitafélag Íslands

---

## Fundargerð 84. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands mánudaginn 21. september 2009 kl. 15:00, í húsakynnum Samorku.

Mætt: Auður Andrésdóttir, Ásgeir Margeirsson, Bjarni Pálsson, Gústaf Adolf Skúlason, Jónas M. Matthíasson, Ólafur G. Flóvenz og Ragna Karlsdóttir. Þá sat fundinn, undir lið 2, Árni Ragnarsson, framkvæmdastjóri IGA.

### 1. Fundargerð síðasta fundar.

Fyrirliggjandi drög samþykkt.

### 2. WGC 2015.

ÁR greindi frá því að innan stjórnar IGA stendur yfir kosning um staðarval fyrir WGC2015, en kosið er milli Íslands, Þýskalands og Ástralíu / Nýja-Sjálands. Niðurstöður eiga að liggja fyrir í byrjun október.

### 3. Opinn fundur í samstarfi við Samorku, ÍSOR o.fl.

GAS greindi frá því að Samorka hyggst halda opinn fund þar sem fjallað verði um jarðhitann sem endurnýjanlega orkulind og reynt að leiðrétta algengan hugtakarugling á borð við að ágeng nýting einstakra svæða þýði að auðlindin sé ekki endurnýjanleg. Fundurinn verður haldinn í samvinnu við ÍSOR, væntanlega iðnaðarráðuneytið og e.t.v. fleiri. Stjórn JHFÍ tók vel í að félagið kæmi að slíkum fundi og tæki þátt í kostnaði vegna hans, sem gæti þá orðið í kringum kr. 100.000 á hvern aðstandenda (salarleiga, auglýsingar, kaffiveitingar...).

### 4. Haustþing JHFÍ.

Rætt um að halda þingið þriðjudaginn 8. desember kl. 13.30 í húsakynnum OR. Ýmis umræðuefni nefnd til sögunnar sem e.t.v. mætti flokka undir heitið fjölbreytt nýting jarðhitans – óhefðbundin nýting, eldsneytisframleiðsla, kolefnisbinding, djúpboranir, böð, snyrtivörur... ÁM leggur drög að hugsanlegri dagskrá fyrir næsta fund og kannar með afnot af fundarsal OR.

### 5. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Næstu fundur ákveðinn mánudaginn 19. október kl. 15:00 í húsakynnum Samorku.

Fundi slitið kl. 16:00. Gústaf Adolf Skúlason, fundarritari

---